

Alþingi
Erindi nr. P 140/1619
komudagur 22.3.2012

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Langanesbyggð 22. mars 2012

Efni:

Umsögn Langanesbyggðar um frumvarp til laga um samgönguáætlanir 2011-2014 og 2011-2022, mál 392 og 393.

Samgönguáætlun er unnin til 12 ára í senn og skipt upp í þrjú fjögurra ára áætlunartímabil, sem skiptast upp í lugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun. Annars vegar er fjallað sérstaklega um 1. tímabil áætlunarinnar þ.e. 2011-2014 og hins vegar um öll tímabilin þrjú á tímabilinu 2011-2022.

Langanesbyggð mælir með slíkum heildarramma um áætlanagerð fyrir samgöngur í lofti, láði og legi og telur að heildaryfirsýn af þessum toga sé til verulegra bóta. Jafnframt er ljóst að þau megin markmið sem sett eru fram í áætluninni um greiðari samgöngur, hagkvæmari rekstur og uppbyggingu samgangna, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og öryggi í samgöngumálum, hljóta að leiða til framfara, takist að ná þeim.

Eitt af megin markmiðum áætlunarinnar er að auka flytjanleika í samgöngukerfinu, sem taki bæði til fólks og vöru. Þessu markmiði skal náð með bættu aðgengi að samgöngum og aukinni afkastagetu kerfisins, þar sem hún er takmörkuð, einnig með því að skapa skilyrði fyrir flesta landsmenn að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu á innan við 3 klst.

Almenningsamgöngur þurfa því að vera í góðu lagi til að síðastnefnda markmiðið náist. Bæði er þar átt við samgöngumáta og samgöngumannvirki. Til þess að ramma þetta vel inn er hér sérstaklega bent á mikilvægi þess að Reykjavíkurlflugvöllur verði á sínum stað.

Eitt helsta vandamálið við áætlanagerð af þessum toga er að sjálfsögðu skortur á fjármunum til ný- og viðhaldsframkvæmda í samgöngukerfinu. Af þessu tilefni má sérstaklega nefna að fjármunir til nýframkvæmda í vegamálum hafa á stuttum tíma lækkað úr nálægt 20 milljörðum í um það bil 5 milljarða til almennra veg framkvæmda á ári. Af þessum sökum verður skiljanlega erfitt að verða við öllum óskum um samgöngubætur víðsvegar um landið.

Vegafrankvæmsmdir í Norðausturkjördæmi

Langanesbyggð gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdaáætlanir á stofn- og tengivegum:

Norðausturvegur, milli Þistilfjarðar og Vopnafjarðar

Í áætluninni er ráðgerð fjárveiting til lagfæringa á Norðausturvegi, milli Þistilfjarðar og Vopnafjarðar og lagningar bundins slitlags á þriðja tímabili. Jafnframt er tiltekið að þörf sé á frekari fjárveitingum eftir áætlunartímabilið.

Minnt er á að það er markmið samgönguáætlunar að byggja upp grunnnet stofnvega með fullu burðarþoli og bundnu slitlagi. Vegurinn sem tengir byggðakjarnana tvo í Langanesbyggð, Þórshöfn og Bakkafjörð, svokölluð Brekknaheiði, er stofnvegur í grunnneti. Jafnframt er það eitt af framkvæmdamarkmiðum samgönguáætlunar að leggja bundið slitlag til þéttbýlisstaða á Íslandi með 200 íbúa eða fleiri.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar hefur áður bent á að mikilvægt er samgöngur á milli Þistilfjarðar og Vopnafjarðar verði bættar hið fyrsta til þess að auðvela samvinnu sveitarfélaganna á svæðinu og öryggi vegfarenda. Þetta er einnig mikilvæg tenging milli nýrra vegtenginga af Þjóðvegi 1 niður til Vopnafjarðar og um Hófaskarð til Húsavíkur og upp með Jökulsá um svokallaðan Dettifossvog vestan við Jökulsá en áætlað er að ljúka honum á 1. og 2. tímabili áætlunarinnar. Hér er lagt til að leitað verði leiða til þess að flýta samgöngubótum milli Þistilfjarðar og Vopnafjarðar, þ.a. unnt verði að hefjast handa eigi síðar en á 2. tímabili áætlunarinnar. Samkvæmt frumvarpinu eru áætlaðar 1.150 milljónir í verkið á árunum 2019-2022.

Brú yfir Skjálfafljótið

Ánægjulegt að er sjá tillögur um endurbyggingu brúar yfir Skjálfafljótið, í stað þeirrar einbreiðu brúar sem nú liggur yfir fljótið. Gamla brúin er orðinn mikill farartálmi á leiðinni milli Akureyrar og Langanesbyggðar, bæði fyrir almenna umferð og ekki síður stærri flutninga milli þessara svæða. Mjög mikilvægt er því að fjármagn verði flutt af tímabili 2 yfir á tímabil 1 í áætluninni til endurbyggingar á þessu brýna samgöngumannvirki.

Flugsamgöngur

Mikilvægt er að huga að nauðsynlegum framkvæmdum og viðhaldi á Akureyrarflugvelli. Þessi flugvöllur þjónar ákaflega mikilvægu hlutverki fyrir meginhluta Norðurlands, hvað varðar aðgengi að höfuðborgarsvæðinu og mögulegu millilandaflugi. Undirstrikað er að samgönguyfirvöld stuðli að markaðssetningu hins alþjóðlega flugvallar, m.t.t. til farþega-, frakt- og ferjuflugs.

Jafnframt er mikilvægt að unnið verði að eðlilegu viðhaldi flugvallar og flugleiðsögutækja á Þórshöfn. Flugvellir á borð við Þórshafnarflugvöll eru aðgöngudyr þessa landssvæðis að því að unnt sé að ná því megin markmiði samgönguáætlunar að komast til höfuðborgarinnar á um það bil 3 klst. Varðandi flugvöllina á Vopnafirði og Þórshöfn þarf að gæta að því að framlag til innanlandsflugs verði til staðar eftir árið 2014 þ.a. unnt verði að gera nýja samninga um innanlandsflug frá þessum flugvöllum. Núgildandi samningur gildir einungis til ársloka 2014. Flug til þessara staða er algerlega nauðsynlegur samgöngumáti og má ekki undir nokkrum kringumstæðum falla út.



Hafnamál

Langanesbyggð leggur á það áherslu að haldið verði áfram að styrkja hafnaframkvæmdir til lítilla og meðalstórra fiskihafna í samræmi við hljóðan 24. gr. hafnarlaga eins verið hefur og að við endurskoðun laganna verði tekið tillit til mikilvægis þess að auk nýframkvæmda taki þau til meiriháttar viðhalds hafna og hlutfall styrkja verði sambærilegt því sem nú er.

Fjárveitingar af þessum toga eru grundvöllur þess að halda megi við fiskihöfnum landsins. Það hefur sýnt sig að gjaldskrár flestra hafna landsins duga hvergi nærri til þess að standa undir nauðsynlegum nýframkvæmdum og meiriháttar viðhaldi þeirra. Einungis stærstu hafnir landsins hafa möguleika á eðlilegri framþróun verði framkvæmdastyrkir þessir felldir út.

Langanesbyggð gerir að öðru leyti eftirfarandi athugasemdir við hafnaáætlun samgönguáætlunar:

Framkvæmdir við höfnina á Þórshöfn

Ísfélag Vestmannaeyja, sem rekur umfangsmikla starfsemi á Þórshöfn, hefur á liðnum árum fjárfest mjög í tækjum og búnaði á Þórshöfn sem leitt hafa til stóraukinna umsvifa við höfnina. Fullvinnsla afurðanna útheimtir komu fleiri og stærri skipa til Þórshafnar, m.a. stórra frystifragtskipa sem rista dýpra en þau skip sem koma til þess að sækja mjöl og lýsi. Ný kynslóð fiskiskipa, sem sérhönnuð eru til veiða á uppsjávarfiski, er auk þess stærri en þau skip sem nú stunda veiðarnar. Í því samhengi má benda á að Ísfélag Vestmannaeyja er nú með í smíðum nýtt og glæsilegt uppsjárskip sem mun ekki geta siglt inn í höfnina á Þórshöfn á fjöru við núverandi aðstæður. Samkvæmt áætlun Siglingastofnunar átti að dýpka höfnina í 8,6 metra dýpi árið 2005 en dýptarmælingar hafa leitt í ljós að það var ekki gert vegna fjáskorts og stenst höfnin þar af leiðandi ekki útgefið lágmarksdýpi. Verði ekkert að gert munu stór og djúpristandi skip ekki hætta á að koma til hafnar á Þórshöfn, með tilheyrandi tekju- og atvinnumissi fyrir sveitarfélagið. Tíðari komur stærri skipa hafa auk þess sýnt fram á að full þörf er á auknu viðleguþlássi í höfninni. Á það skal jafnframt bent að á Þórshöfn er nú starfrækt eina fiskimjölsverksmiðjan á Norðurlandi og því er mikilvægt að þar sé fyrir hendi fyrsta flokks aðstaða, ekki síst nú þegar horfur eru á góðri loðnuveiði á næstu árum. Þá er einsýnt að aðstaða smábáta í höfninni batna til muna við áður nefndar framkvæmdir en smábátaflotinn á Þórshöfn hefur eflst mjög á síðustu árum.

Í ljósi aukinna umsvifa Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn undanfarin ár má ljóst vera að fjárfesting í bættri hafnaraðstöðu yrði fljót að borga sig. Höfn á borð við Þórshafnarhöfn er tekjuvettvangur þjóðarinnar allrar og því eðlilegt að ríkissjóður komi að því að gera höfnina þannig úr garði að hún afli sem mestra tekna. Það er því eindregin ósk heimamanna að ráðist verði í lengingu viðlegukants og dýpkun hafnarinnar, til að höfnin verði fær um að veita þá þjónustu sem þarf til að sinna fiskvinnslunni í landi. Langanesbyggð hefur farið þess því á leit við Siglingastofnun að gerð verði úttekt og kostnaðaráætlun um stækkun og dýpkun hafnarinnar til að hraða megi framkvæmdum. Jafnframt er farið fram á að greiðsluþátttaka ríkisins vegna fyrirhugaðra framkvæmda í höfninni á Þórshöfn fari ekki undir 75%, sbr. 24. gr. hafnalaga nr. 61/2003, en verði ekki 60% eins og gert ráð fyrir í samgönguáætlun.

Framkvæmdir við höfnina á Bakkafirði

Umsvif í höfninni á Bakkafirði hafa einnig aukist síðustu misseri, samfara aukinni vinnslu fiskvinnslufyrirtækisins Toppfisks í byggðarlaginu. Ýmsar úrbætur eru þó orðnar aðkallandi í höfninni,



m.a. þarf að dýpka hana á ýmsum stöðum. Ljóst er að ef fjárveiting fæst til dýpkunarframkvæmda í höfninni á Þórshöfn yrði hagkvæmt að dýpa höfnina á Bakkfirði samtímis.

Þjónusta- og umskipunarhöfn í Finnafirði

Eins og kunnugt er hafa sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur unnið að því ásamt iðnaðarráðuneyti og utanríkisráðuneyti að bjóða fram þjónustu vegna væntanlegrar olíuleitar á svokölluðu Drekasvæði norðaustur af Íslandi. Samhliða þessari vinnu hefur verið leitað hugmynda um að þjónusta í framtíðinni svokallaðar Norðurishafssiglingar með því að bjóða upp á trausta umskipunarhöfn í Finnafirði undir Gunnólfsvíkurfjalli í Langanesbyggð. Talsverð vinna hefur átt sér stað í þessum efnum með tilstyrk ofanefndra ráðuneyta, Siglingastofnunar, Orkustofnunar og sveitarfélaganna tveggja, ásamt verkfræðistofum sem sérstaklega hafa verið ráðnar til verka í þessum efnum. Hér er um mjög stórt verkefni að ræða, sem mun hafa veruleg áhrif á atvinnulíf á Íslandi öllu og umbylta mannlífi nærliggjandi byggða. Hugsanlega er styttra í þessi mál en ætla mætti fljótt á litið. Ekki síst þegar litið er til þess að þessa dagana er að finnast olía og gas við vesturströnd Grænlands og hyllir undir slíkt við austurströndina. Útboð í olíuleit á Drekasvæði er líka að fara aftur af stað og virðist áhugi þar vera nokkur. Jafnframt má búast við að styttist í það að siglingar hefjist um Norðurshafið eins og mikið er fjallað um nú. Mjög líklegt er að þessi svæði verði þjónustuð að miklu leyti frá Íslandi. Sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur og Langanesbyggð hafa unnið í samvinnu við ríkisvaldið og ýmsar opinberar stofnanir mikla vinnu í þessu sambandi og vísast hér í margvíslegar skýrslur í þeim efnum bæði um olíuleitina og Norðurshafssiglingar eins og fyrr hefur verið greint frá.


Til þess að mögulegt verði að markaðssetja hugmyndina er mikilvægt að ríkisvaldið komi að þessari vinnu. Ljóst er að yrði þessi hugmynd að raunveruleika þá hefði hún veruleg áhrif á atvinnubyggingu í öllu landinu og auk þess yrði um grundvallarbreytingu að ræða í sveitarfélögunum sem liggja að umræddu svæði.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi ætti því að vera fjármagn til rannsókna og undirbúnings á þessu stóra verkefni, m.a. með tilliti til hugsanlegrar stórskipa- og umskipunarhafnar í Finnafirði undir Gunnólfsvíkurfjalli. Óskað er eftir því að fjárveiting til rannsókna og undirbúnings þessa verkefnis verði inni í samgönguáætlun næstu ára svo unnt verði að halda áfram rannsóknum og undirbúningi vegna þessa stóra verkefnis sem Íslendingar vilja taka þátt í.

Langanesbyggð skilar með framangreindum hætti umsögn sinni um frumvörp til samgönguáætlunar árána 2011-2014 og 2011-2022.

Vonast er til að stjórnvöld taki tillit til þeirra ábendinga sem hér eru settar fram.

Með bestu kveðjum,


Gunnólfur Lárusson
sveitarstjóri Langanesbyggðar

Afrit: Innanríkisráðuneytið og Vegagerðin